

2. gr.

Eftirlitsgjald sbr. 15. og 16. gr. laga nr. 103/2002 um búfjárhald o.fl. skal vera kr. 5.000 á tímaeiningu.

3. gr.

Aksturskostnaður vegna ferða eftirlitsmanna sbr. 1. og 2. gr. skal greiddur af umboðsmanni hlutaðeigandi búfjár. Kostnaður á hvern ekinn kílómetra miðast við gjald sem ákveðið er af ferðakostnaðarnefnd fjármálaráðuneytis. Virðisaukaskattur reiknast á hverja gjaldtöku skv. 1., 2. og 3. gr.

4. gr.

Þurfi að leita dómsúrskurðar til að tryggja eftirlitsaðilum aðgang að gripahúsum sbr. 15. gr. laga nr. 103/2002 um búfjárhald o.fl., skal hlutaðeigandi umráðamaður búfjár greiða gjald, sem nemur útlögðum kostnaði sveitarsjóðs í hverju úrskurðarmáli.

5. gr.

Endurskoðun gjaldskrár þessarar skal fara fram við afgreiðslu fjárhagsáætlunar sveitarsjóðs hvert ár.

6. gr.

Gjaldskrá þessi er sett með heimild í 4. mgr. 10. gr. laga um búfjárhald o.fl., nr. 103/2002 og tekur þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 24. ágúst 2005.

F. h. r.

Ólafur Friðriksson.

Atli Már Ingólfsson.

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi við Marargrund 11 í Garðabæ.

Bæjarstjórn Garðabæjar hefur samþykkt tillögu að breytingu á deiliskipulagi við Marargrund 11 í Garðabæ sem fengið hefur meðferð í samræmi við 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum.

Í breytingunni felst að byggingarreitur stækkar til NV.

Skipulagsbreytingin öðlast gildi við birtingu þessarar auglýsingar.

F.h. Garðabæjar, 1. september 2005.

Bergljót S. Einarsdóttir skipulagsfulltrúi.